

**HEILBRIGÐISNEFND**  
**HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS**  
**161. fundur – 2. maí 2011**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 2. maí 2011. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 17. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Gísli Gíslason boðaði forföll og í hans stað mætti Richard Hansen.

Fundargerð 160. fundar heilbrigðisnefndar frá 24. mars 2011 lögð fram.

**1 Fundargerð 139. starfsmannafundar frá 27. apríl 2011**

**1.1 Starfsleyfi**

1.1.1 Hörgatún 2, Garðabæ - niðurrif

Lögð fram umsókn Ólafs Hermannssonar f.h. Veritas Capital hf., kt. 530602-3380, dags. 6.04.2011, þar sem sótt er um tímabundið leyfi til niðurrifs á hluta núverandi húss við Hörgatún 2, Garðabæ.

Tímabundið starfsleyfi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi staðfest.

1.1.2 Norðurhraun 1, Garðabæ – múrvöruframleiðsla

Lögð fram að nýju umsókn Hólmsteins Hólmsteinssonar f.h. B.M. Vallár ehf., kt. 450510-0680, dags. 3.12.2010, þar sem sótt er um leyfi fyrir múrvöruframleiðslu að Norðurhrauni 1, Garðabæ.

Húshluti: allt húsið. Eigendaskipti

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.3 Ögurás 7, Garðabæ – daggæsla

Lögð fram umsókn Ásbjargar Sigurðardóttur, kt. 160178-3619, dags. 30.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu í heimahúsi fyrir allt að 10 börn að Ögurási 7, Garðabæ.

Húshluti: 01 0207. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

**Hafnarfjörður**

1.1.4 Blikaás 1, Hafnarfjörður – sambýli

Lögð fram umsókn Ara Þórssonar rekstrarstjóra f.h. Félagsþjónustu Hafnarfjarðar, kt. 590169-7579, dags. 4.04.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Blikási 1, Hafnarfirði.

Húshluti: 01 0101. Eigendaskipti og yfirtaka á starfsleyfi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er erindið samþykkt.

1.1.5 Berjahlíð 2, Hafnarfjörður – sambýli

Lögð fram umsókn Ara Þórssonar rekstrarstjóra f.h. Félagsþjónustu Hafnarfjarðar, kt. 590169-7579, dags. 4.04.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Berjahlíð 2, Hafnarfirði.

Húshluti: 01 0101. Eigendaskipti og yfirtaka á starfsleyfi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er erindið samþykkt.

1.1.6 Bæjarhraun 2, Hafnarfjörður – hæfingarstöð

Lögð fram umsókn Ara Þórssonar rekstrarstjóra f.h. Félagsþjónustu Hafnarfjarðar, kt. 590169-7579, dags. 4.04.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hæfingarstöðvar að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði.

Húshluti: 01 0101. Eigendaskipti. Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 10.03.2011.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað og óskað skriflegrar áætlunar um úrbætur.

#### 1.1.7 Dalshraun 11, Hafnarfjörður – fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Málfríðar Einarsdóttur f.h. MLE ehf., kt. 470405-1200, dags. 5.04.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu að Dalshrauni 11, Hafnarfirði.

Húshluti: 01 0203. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

#### 1.1.8 Einiberg 29, Hafnarfjörður – sambýli

Lögð fram umsókn Ara Þórssonar rekstrarstjóra f.h. Félagsþjónustu Hafnarfjarðar kt. 590169-7579, dags. 4.04.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Einibergi 29, Hafnarfirði.

Húshluti: 01 0101. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

#### 1.1.9 Erluás 68, Hafnarfjörður – sambýli

Lögð fram umsókn Ara Þórssonar rekstrarstjóra f.h. Félagsþjónustu Hafnarfjarðar kt. 590169-7579, dags. 4.04.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Erluási 68, Hafnarfirði.

Húshluti.: 01 0101. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

#### 1.1.10 Hjallabraut 19, Hafnarfjörður daggæsla allt að 10 börn

Lögð fram umsókn Herdísar H. Böðvarsdóttur, kt.130280-5609, dags. 28.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu fyrir allt að 10 börn að Hjallabraut 19, Hafnarfirði.

Húshluti: 04 0201. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

#### 1.1.11 Hólshraun 5, Hafnarfjörður – matvælavinnsla

Lögð fram umsókn Fanneyjar Friðfinnsdóttur f.h. Organic lífstíll ehf., kt. 550411-0830, dags. 18.04.2011, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu á matvælum að Hólshrauni 5, Hafnarfirði.

Húshlut.: 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

#### 1.1.12 Hnotuberg 19, Hafnarfjörður – dvalarheimili

Lögð fram umsókn Ara Þórssonar rekstrarstjóra f.h. Félagsþjónustu Hafnarfjarðar, kt. 590169-7579, dags. 4.04.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs dvalarheimilis (skammtímvistun) að Hnotubergi 19, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0101. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

#### 1.1.13 Reykjavíkurvegi 22, Hafnarfjörður – gistaðstaða

Lögð fram umsókn Ólafs Einarssonar f.h. Gleraugnaverslunarinnar Sjónarhóls kt. 611197-2259, dags. 19.04.2011, þar sem sótt er um leyfi til útleigu á íbúðarherbergi til gistingar að Reykjavíkurvegi 22, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

#### 1.1.14 Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfjörður – fæðubótaefni

Lögð fram umsókn Ægís B. Bessasonar f.h. Noris ehf., kt. 551178-0729, dags. 31.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heildsölu með fæðubótaefni að Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði.

Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

#### 1.1.15 Smárahvammur 3, Hafnarfjörður – sambýli

Lögð fram umsókn Ara Þórssonar rekstrarstjóra f.h. Félagsþjónustu Hafnarfjarðar kt. 590169-7579, dags. 4.04.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Smárahvammi 3, Hafnarfirði.

Húshluti.: 01 0101. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er erindið samþykkt.

#### 1.1.16 Steinahlíð 1, Hafnarfjörður – sambýli

Lögð fram umsókn Ara Þórssonar rekstrarstjóra f.h. Félagsþjónustu Hafnarfjarðar, kt. 590169-7579, dags. 4.04.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Steinahlíð 1, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0101. Eigendaskipti og yfirtaka á starfsleyfi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er erindið samþykkt.

#### 1.1.17 Svöluás 40, Hafnarfjörður – sambýli

Lögð fram umsókn Ara Þórssonar rekstrarstjóra f.h. Félagsþjónustu Hafnarfjarðar, kt. 590169-7579, dags. 4.04.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Svöluás 40, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0101. Eigendaskipti og yfirtaka á starfsleyfi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

#### 1.1.18 Svöluhraun 19, Hafnarfjörður – sambýli

Lögð fram umsókn Ara Þórssonar rekstrarstjóra f.h. Félagsþjónustu Hafnarfjarðar, kt. 590169-7579, dags. 4.04.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Svöluhrauni 19, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0101. Eigendaskipti. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 2 ára þar sem fara þarf í úrbætur.

## Kópavogur

#### 1.1.19 Hamraborg 1, Kópavogur nuddstofa

Lögð fram umsókn Kolbeins Steinþórssonar, kt.120974-3279, dags. 23.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs nuddstofu með nálastungumeðferð að Hamraborg 1, Kópavogi. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er umsókninni vísað frá þar sem framlögð gögn eru ófullnægjandi og ekki hefur orðið við ósk um að bæta þar úr.

#### 1.1.20 Hlíðarvegur 30, Kópavogur daggæsla

Lögð fram umsókn Herdísar Arnþórsdóttur, kt.251064-2969, dags. 6.04.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu fyrir allt að 10 börn að Hlíðarvegi 30, Kópavogi. Húshluti: 01 0201. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

#### 1.1.21 Hagasmári 9, Kópavogur – veitingasala

Lögð fram umsókn Ólafs Jónssonar f.h. Skeljungs hf, kt. 590269-1749 dags. 14.04.2011 þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingasölu í þjónustustöð fyrirtækisins að Hagasmára 9, Kópavogi. Breyting á húsnæði. Fyrir liggja teikningar dags. 12.4.2011 er sýna nýtt skipulag veitingaverslunar, Hagasmára. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er endurútgáfa starfsleyfis samþykkt að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 1.1.22 Hæðasmári 2, Kópavogur – sjálfsafgreiðslustöð

Lögð fram umsókn Helga Kristjánssonar f.h. N1 hf, kt. 540206-2010 dags. 4.04.2011 þar sem sótt er um leyfi fyrir sjálfsafgreiðslustöð fyrir bensín og olíu að Hæðasmára 2, Kópavogi. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

#### 1.1.23 Kópavogsbraut 115, Kópavogur söluturn

Lögð fram umsókn Bryndísar Bjarnarson, kt.170664-5159, dags. 11.04.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs söluturns með íssölu úr vél og til að útbúa samlokur sem seldar verða á staðnum, að Kópavogsbraut 115, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Eigendaskipti og breytingar á starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 árs fyrir rekstur söluturns. Frestað er afgreiðslu umsóknar um aukið umfang þar til fyrir liggja áætlanir um endurbætur á húsnæði og teikningar af fyrirkomulagi.

#### 1.1.24 Smiðjuvegur 11, Kópavogur - trésmíðaverkstæði TS

Lögð fram umsókn Örnólfs Sveinssonar f.h. Orgusar ehf. kt. 640299-3129 dags. 30.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs trésmíðaverkstæðis að Smiðjuvegi 11, Kópavogi.

Húshluti: 02 0009. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

### 1.2 Umsagnir

#### Álftanes

##### 1.2.1 Eyvindarholt, Álftanes – Eyvindarholt - gisting, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags 8.04.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Önnu Þóru Karlsdóttur kt. 270846-3439, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki I að Eyvindarholti, Álftanesi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðinefnd samþykkti 4.05.2009 að veita Önnu Þóru Karlsdóttur, kt. 270846-3439 starfsleyfi fyrir heimagistingu, samkvæmt ákvæðum laga um matvæli og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í heimahúsi samkvæmt I. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir heimagistingu.”

#### Garðabær

##### 1.2.2 Ásgarður, Garðabæ, íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags 2.05.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Magnúsar K. Daniélssonar, f.h. handknattleiksdeildar Stjórnunnar, kt. 460180-0159, þar sem sótt er um leyfi fyrirskemmtun, frá kl. 18.00 þann 7.5.2011 til kl. 02.00 8.5. 2011, í íþróttamiðstöðinni við Ásgarð í Garðabæ.

Jákvæð umsögn veitt að lokinni úttekt heilbrigðisfullrúa.

##### 1.2.3 Garðatorg 7, Garðabæ, göngugata, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags 4.04.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ásgeirs Eðvarðssonar, kt. 141089-3239, þar sem sótt er um leyfi fyrir útihátíð, þann 8.04.2011 á Garðatorgi, frá kl. 18.00 – 22.00

Jákvæð umsögn staðfest..

##### 1.2.4 Kaupún 1, Garðabæ, verslunarhús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags 12.04.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kvartmíluklúbbsins, kt. 660990-1199, þar sem sótt er um leyfi fyrir veitingasölu á bílasýningu þann 22.04.2011 – 24.04.2011 að Kaupúni, frá kl. 14.00 – 00.00

Jákvæð umsögn staðfest..

#### Hafnarfjörður

##### 1.2.5 Ásvellir 2, Hafnarfjörður, íþróttahús, tækifærisleyfi ÞEG

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags 31.03.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Knattspyrnufélagsins Hauka, kt. 600169-0419, þar sem sótt er um leyfi fyrir afmælishátíð félagsins, þann 9.04.2011 í íþróttamiðstöðinni Ásvöllum. Óskað er eftir leyfi fyrir 700 manns frá kl. 19.00 – 03.00

Jákvæð umsögn staðfest..

##### 1.2.6 Kaplakriki, Hafnarfjörður, samkomusalur, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 8.04.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fimleikafélags Hafnarfjarðar kt. 540169-2769, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki III að Kaplakrika, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðinefnd samþykkti 24.03.2011 að veita Fimleikafélagi Hafnarfjarðar, kt. 540169-2769 starfsleyfi til reksturs veislusalur með móttökueldhúsi í húshluta 02 01 í íþróttamiðstöðinni Kaplakrika samkvæmt ákvæðum laga um matvæli og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í fyrirbyggjandi

umsókn er sótt um rekstrarleyfi til reksturs samkomusalar samkvæmt III. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir samkomusal.

#### 1.2.7 Kaplakriki, Hafnarfjörður, samkomusalur, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 20.04.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fimleikafélags Hafnarfjarðar kt. 540169-2769, þar sem sótt er um leyfi fyrir Herrakvöld félagsins, þann 20.04.2011 í Kaplakrika, Hafnarfirði. Óskað er eftir leyfi fyrir 130 manns frá kl. 19.00 – 24.30 Jákvæð umsögn staðfest..

#### 1.2.8 Smyrlahraun 6, Hafnarfjörður, gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 27.04.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Maríu R. Ólafsdóttur kt. 090658-4339, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu að Smyrlahrauni 6, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 24.03.2011 að veita Maríu R. Ólafsdóttur, kt. 090658-4339, starfsleyfi til reksturs orlofsíbúðar að Smyrlahrauni 6, Hafnarfirði. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi til reksturs heimagistingar samkvæmt I. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis.

### Kópavogur

#### 1.2.9 Furugrund 83, samkomusalur/félagsheimili, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags 24.03.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Handknattleiksfélags Kópavogs kt. 630981-0269, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki III að Furugrund 83, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Á fundi heilbrigðisnefndar þann 25.01.2010 var samþykkt starfsleyfi fyrir félagsheimili og veislusal í íþróttahúsinu að Furugrund 83, Kópavogi, með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttarreglugerðar. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um endurnýjun rekstrarleyfis félagsheimilis og veislusalar samkvæmt III. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir samkomusal.

#### 1.2.10 Hagasmári 9, veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags 18.04.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Skeljungs hf., kt. 590269 1749 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki I að Hagasmára 9, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Á fundi heilbrigðisnefndar þann 2.5.2011 var samþykkt endurútgáfa starfsleyfis fyrir þjónustustöð Skeljungs hf. að Hagasmára 9, Kópavogi, með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttar og mengunarvarnareglugerðar. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu og greiðasölu samkvæmt I. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastofu og greiðasölu.

#### 1.2.11 Skálaheiði 2, samkomusalur/félagsheimili, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags 24.03.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Handknattleiksfélags Kópavogs kt. 630981-0269, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki III að Skálaheiði 2, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Á fundi heilbrigðisnefndar þann 25.01.2010 var samþykkt starfsleyfi fyrir félagsheimili og veislusal í íþróttahúsinu að Skálaheiði 2, Kópavogi, með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttarreglugerðar. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um endurnýjun rekstrarleyfis félagsheimilis og veislusalar samkvæmt III. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir samkomusal.”

### 1.3 Tóbaksleyfi

#### 1.3.1 Kópavogsbraut 115, Kópavogur – söluturn

Lögð fram umsókn Bryndísar Bjarnarsonar, kt. 170664-5159, dags. 11.04.2011, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í Biðskýlinu Kópavogsbraut 115, Kópavogi. Leyfisveiting staðfest

## 2 Skipulagsmál

Lagt fram erindi Grindavíkurbæjar frá 11. apríl 2011, þar sem óskað er umsagnar um endurskoðun á aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2010-2030.

Eftirfarandi umsögn er gerð:

“Heilbrigðisnefnd óskar eftir að svæði í lögsagnarumdæmi Grindavíkur frá norðanverðu Kleifarvatni að lögsögumörkum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu verði skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar.”

## 3 Nýting jarðhita við Gráuhnúka. Frummatsskýrsla

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar frá 23. mars 2011, þar sem óskað er umsagnar um frummatsskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur um jarðhitanýtingu við Gráuhnúka fyrir Hellisheiðarvirkjun, dags. mars 2011.

Eftirfarandi umsögn var gerð:

Heilbrigðisnefnd telur að viðhald loftgæða og endurheimt loftgæða hafi ekki fengið þá umfjöllun í frummatsskýrslu svo sem óskað hafi verið eftir á fyrri stigum í matsferlinu. Í ýmsum atriðum sé skýrslan ófullnægjandi og í öðrum atriðum sé minna gert úr umhverfisáhrifum en efni standi til. Brennisteinsvetni í andrúmslofti hefur bein áhrif á heilsu og umhverfisgæði fólks, almennings í landinu. Framkvæmdaraðila ber að skila inn greinabetri frummatsskýrslu og samhliða að breyta sínum áformum þannig að lífsgæði almennings verði tryggð.

- Mótmælt er þeirri niðurstöðu frummatsskýrslu að jarðhitanýting við Gráuhnúka hafi engin áhrif á loftgæði.
- Ekki er hægt að fallast á að loftmengun frá virkjunum á Hellisheiði og Nesjavöllum verði til frambúðar við og yfir heilsuverndarmörkum í íbúðar- eða frístundabyggðum í Kópavogi.
- Ekki liggur fyrir skilgreining á þynningarsvæði (sbr. gr. 5 í regl. 514/2010) fyrir núverandi virkjun né fyrir áformaða stækkun. Miðað við núverandi ástand verður slík skilgreining að teljast ein af forsendum þess að hægt verði að taka afstöðu til efni frummatsskýrslu og til frekari uppbyggingar virkjana á Hellisheiði.
- Í matsskýrslu vegna stækkunar Hellisheiðarvirkjunar var lítil umfjöllun um loftgæði. Þó nefnt að: „Við ákveðnar aðstæður má búast við að brennisteinslykt finnist á virkjanasvæðinu” (bls. 78). Ekki er hægt að fallast á að leggja megi til grundvallar fyrir frekari ákvörðunum um losun á H<sub>2</sub>S, niðurstöður úr matsferli frá 2005 sem byggðar voru á jafn ótraustum grunni og vanreifun. Ákvörðun um mengunarvarnir við Gráuhnúka, hreinsun brennisteinsvetnis, á frekar að taka mið af núverandi ástandi.
- Nauðsynlegt er að birtir verði útreikningar í frummatsskýrslu á tíðni áætlaðra tilvika þar sem styrkur H<sub>2</sub>S fer yfir þau tilkynningarmörk sem reglugerð nr. 514/2010 kveður á um.

Markmiðum laga um umhverfisáhrif er ætlað að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Þar sem framlögð frummatsskýrsla fullnægir ekki þeim skilyrðum er lagt til við Skipulagsstofnun að framkvæmdaraðila verði uppálagt að endurskoða skýrsluna frá grunni og leggja fyrir að nýju endurskoðaða skýrslu þar sem ofangreindum atriðum verði gerð fullnægjandi skil og starfsemin skipulögð með þeim hætti að lífsgæði almennings verði tryggð.

Skipulagsstofnun ætti, með vísan til samlegðaráhrifa og vegna ófyrirséðra umhverfisáhrifa þegar fyrri matsferlar voru í gangi, að taka til ítarlegrar skoðunar hvort ástæða sé til að setja orkuvinnslu og virkjanastaði á Hellisheiðarsvæðinu í sameiginlegt umhverfismat, sbr. 2 málsg. 5. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Guðmundur Sigurðsson mætti við afgreiðslu liðar nr. 3

## 4 Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu

Lögð fram fundargerð 89. fundar framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 24. mars 2011.

## 5 Önnur mál

### 5.1 Loftgæðamælingar og gróður­mælingar ISAL 2010

Lögð fram til kynningar gögn úr loftgæðamælingum á Hvaleyrarholti 2010 og mælingum á flúor í gróðursýnum 2010.

### 5.2 Stjórnsýslukæra vegna eftirlitsgjalda

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir dags. 28. apríl 2011 þar sem óskað er greinargerðar vegna stjórnsýslukæru Sigurðar Lárussonar f.h. Dalsnestis ehf. þar sem kærð er álagning eftirlitsgjalda og eftirlit með tóbakssölu. Vísað til afgreiðslu heilbrigðiseftirlits.

### 5.3 Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða

Lagðar fram fundargerð stjórnar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða frá 16. mars 2011 og samráðsfundar samtakanna með Umhverfisstofnun og Matvælastofnun þann 4. apríl 2011.

### 5.4 Kvörtun vegna starfa heilbrigðiseftirlits

Lagt fram erindi Gríms Gíslasonar f.h. Atlas hf. dags. 28. apríl 2011 þar sem kvartað er yfir að ekki sé svarað erindi og brugðist við umkvörtunum.

Atlas hf. sendi erindi í rafpósti 22. desember 2010 sem svarað var með erindi heilbrigðiseftirlits 18. febrúar 2011. Í framhaldi barst nýtt erindi Atlas hf. dags. 24. febrúar 2011. Umkvartanir snúast annar vegar um útgáfu starfsleyfis til Hagbarða ehf. til að reka bónstöð að Hvaleyrarbraut 2 og hins vegar um brot á starfsleyfi Hagbarða ehf.

Umkvörtunarefnið var til umfjöllunar á fundi heilbrigðisnefndar þann 31. janúar 2011 sbr. lið 7.1. Heilbrigðisnefnd telur að fyrirliggjandi starfsleyfi til reksturs að Hvaleyrarbraut 2 séu í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

### 5.5 Fundur heilbrigðiseftirlitssvæða, Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar og ráðuneyta.

Kynnt dagsskrá að fyrirhuguðum fundi Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar, Umhverfisráðuneytis og Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis þann 4. og 5. maí n.k.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30

Guðmundur Sigurðsson

Margrét Halldórsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Gísli Ó. Valdimarsson

Sunna Björg Helgadóttir

Richard Hansen

Steingrímur Steingrímsson